

Góðir fundargestir. Yfirskriftin er Sjávarútvegur í ólgusjó og er það vel við hæfi um þessar mundir því harðar deilur er nú sem fyrr um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar. Reyndar dettur mér í hug að það væri vænlegra til árangurs að ná varanlegum friði í löndunum við botn Miðjarðarhafsins heldur en að ná heildarsátt þjóðar og hagsmuna um fiskveiðistjórnun og meðferð aflaheimilda.

Við hjá AFLi Starfsgreinafélagi þökkum boð um að taka þátt í þessum fundi en innan AFLs eru Sjómannadeild, iðnaðarmannadeild með vélstjórum, svo og verkamannadeild, þar sem fiskvinnslufólkið á Austurlandi á aðild og einnig má nefna Verslunarmannadeildina þar sem margir starfsmenn útgerðanna eru félagar, þannig að hagsmunir félagsmanna okkar liggja víða um sjávarútveginn. Með mér er hér Grétar Ólafsson, formaður Sjómannadeildar AFLs en hann situr einnig í framkvæmdastjórn Sjómannasambands Íslands, og mun hann taka þátt í umræðum hér að loknum framsögum – standi efni þar til.

Ýmis vandamál steðja að sjávarútvegi nú og má segja að þar fari bæði utanaðkomandi og heimatilbúin vandamál. Utanaðkomandi er m.a. efnahagserfiðleikar en ekki síst – sem er sýnilegast t.d. félagsmönnum AFLs er loðnubrestur sl. tvö ár, sýking í síldarstofni og litlar aflaheimildir í þorski. Þessi atriði hafa öðrum fremur komið við pyngju félagsmanna hvort heldur er til sjós eða lands.

En sjávarútvegur glímir ekki síst við heimatilbúin vandamál. Vandamál sem við hefðum geta siglt hjá ef málum hefði verið ráðið á annan hátt og þarf sjálfsagt að líta áratugi til baka til að finna fyrstu orsakir þeirra mála.

Heimatilbúinn vandi er skuldsetning og straumur fjármagns úr greininni. Sjávarútvegsfyrirtæki sem eru skuldsett að þanþoli – og það ekki til fjárfestingar í skipum, búnaði eða vinnsluhúsum – heldur til

spákaupmennsku og fjárfestinga í óskyldum greinum – veikir mjög getu viðkomandi fyrirtækja til að mæta erfiðleikum.

Við skulum ekki tala neina tæpitungu hér. Við skulum bara segja hlutina eins og þeir eru sagðir í borðsölum skipanna, kaffistofum fyrirtækjanna og við eldhúsborðin á heimilunum.

Það er þessi pólitíski vandi greinarinnar, sem er algerlega heimatilbúinn – þ.e. sala veiðiheimilda og auðsöfnun manna sem hafa gengið úr greininni og tekið með sér auðæfi og skilið eftir sig sviðna jörð, ofurskuldsett fyrirtæki og máttvana sveitarfélög. Þetta veldur mikilli andúð almennings og reiði og ekki síst nú þegar illa árar. Þetta er hið pólitíska vandamál greinarinnar og mér sýnist ljóst af því nú er í tísku að fara í þjóðaratkvæðagreiðslur – að ef þjóðin yrði spurð um kvótakerfið – þá myndi ráðstöfunarréttur útgerðarmanna yfir aflaheimildum nema einvörðungu til veiða, hverfa með einni atkvæðagreiðslu. Það myndi ekki taka nema einn kjördag til að færa ástandið til upphafsstöðu.

Sem betur fer eru mörg fyrirtæki í útgerð sem hafa hagað málum sínum á siðlegan hátt og stunda uppbyggingu og fjárfesta í tækjum og búnaði eins og t.d. á Vopnafirði þar sem þessa mánuði stendur yfir myndarleg uppbygging. En það er ömurlegt að í hvert sinn sem rætt er um kvótamál eru alltaf dregin upp dæmin um hið gagnstæða – kvótabrask og byggðaröskun og milljarðaúttektir úr greininni. Því líður mér örlítið hér eins og kennara sem lendir í því að hálfur bekkurinn skrópar og hann skammar þann helming sem mætir, blóðugum skömmum fyrir að hinir skrópuðu.

En þið sem stundið ábyrga útgerð og uppbyggingu atvinnulífs verðið að lifa við það að þeir hinir, sem ekki eru hér, þeir sem hafa selt sig út úr greininni og tekið auðæfi sjávarplássanna með sér – hafa komið slíku óorði á fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar að það veldur

stórkostlegum pólitískum deilum og stefnir nú yfirráðarétti ykkar yfir veiðiheimildum í voða.

Því miður hvíla margar fjárfestingar skuldsettra útgerðarfyrirtækja í gjaldþrotakistu frjálshyggjunnar. Græðgin náði yfirhöndinni – skynsemin vék – menn græddu á daginn, grilluðu á kvöldin og töpuðu öllu haustið 2008. En skuldirnar sitja margar eftir á ofurveðsettum kvóta og skipum – aðrar lenda á skattborgurum því engar eignir finnast í fánýtum eignarhaldsfélögum.

Tilfni þessa fundar eru þau ákvæði stjórnarsáttmála sitjandi ríkisstjórnar um innköllun aflaheimilda í áföngum – hin svokallaða fyrningarleið. Og ekki síður sú ákvörðun Sjávarútvegsráðherra að ráðstafa veiðiheimildum í skötusel beint og framhjá kvótahöfum. Ennfremur hafa menn reynt að tengja saman umræðu um fyrningarleið við umræðu um afnám sjómannaafsláttar sem ríkisstjórnin kynnti fyrir áramót.

Ef við víkjum fyrst að frumvarpinu um veiðiheimildir í skötusel þá á að vera starfandi nefnd um stefnumótun í sjávarútvegi og sú nefnd ku hafa fengið fyrirmæli um að skila ekki álitum fyrr en allir væru sáttir. Því miður hafa stjórnvöld ekki gefið nefndinni vinnufrið og raunar sett starf hennar í uppnám með því að leggja fram ótímabært frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Frumvarpið er lagt fram án samráðs við hagsmunaaðila eða aðkomu nefndarinnar og hafa útgerðarmenn notað það sem átyllu til að hætta þátttöku í nefndinni.

Víðtæk sátt um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunar næst varla ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta taka ekki þátt í starfinu. Raunar má túlka gjörð stjórnvalda sem svo að með framlagningu skötuselsfrumvarpsins svokallaða á viðkvæmum tíma sé verið að senda nefndinni skýr skilaboð um að ekki sé ætlunin að taka mark á tillögum hennar. Það er því krafa okkar að frumvarpið verði dregið til baka þannig að hægt sé

að hefja vinnu um sáttaleiðir við stjórnun fiskveiðanna. Tíminn verður síðan að leiða í ljós hvort sú sáttarleið er til sem leitað er að.

Ef við víkum að sjómannaafslættinum þá er það hins vegar nóturlegt að á sama tíma og stjórnvöld ætla sjávarútveginum að vera í fararbroddi við að ná þjóðinni upp úr þeim öldudal sem hún er nú í skuli greinin vera í uppnámi vegna aðgerða stjórnvalda. Sjómenn eiga það ekki skilið að á kjör þeirra sé ráðist með skerðingu og síðan afnámi sjómannaafsláttar.

Þessari fyrirhuguðu aðför að kjörum sjómanna er harðlega mótmælt og jafnframt bent á að á sama tíma og skerðing sjómannaafsláttarins á að hefjast, í byrjun næsta árs, eru kjarasamningar lausir. Sjómenn hafa því ekki sagt sitt síðasta orð varðandi sjómannaafsláttinn en vona að stjórnvöld sjái að sér áður en til skerðingarinnar kemur.

En við munum hins vegar ekki bindast útgerðunum neinum tryggðarböndum í þeirra baráttu fyrir eignarhaldi og veðsetningarrétti auðlindanna vegna sjómannaafsláttarins. Sú barátta sjómanna verður háð við stjórnvöld annars vegar og samningaborð kjarasamninga hins vegar.

Hið síðasta útspil LÍÚ um dagpeningagreiðslur til sjómanna er innlegg í komandi kjarasamninga og verður um það fjallað á þeim vettvangi en ekki í umræðu um fyrningarleið eða aðrar aðgerðir stjórnvalda.

Að lokum – fyrningarleiðin. Sitjandi ríkisstjórn hefur það að yfirlýstu markmiði í stjórnarsáttmála að hefja innköllun kvóta með svokallaðri fyrningarleið sem ekki þarf að kynna hér. Reyndar er það mjög óljóst hvað í þessari svokölluðu fyrningarleið felst.

Ef í þeirri leið felst að taka eigi veiðiheimildir af núverandi handhöfum til að láta aðra hafa er augljóst að það gengur ekki upp svo fremi að núverandi handhafar séu að veiða þann afla sem þeir hafa

leyfi til að veiða. Slíkt mun aðeins kalla á óarðbæra offjárfestingu sem skilar þjóðinni engu til framtíðar. Hitt er alveg ljóst að engin sátt ríkir í þjóðfélaginu um ýmsa þætti í nágildandi regluverki um stjórn veiðanna og er nauðsynlegt og löngu tímabært að bæta þar úr.

Heimild til veðsetningar og framsals kvóta eru þeir þættir í nágildandi regluverki sem mestri óánægju valda og einmitt þeir þættir hafa skapað þá misskiptingu auðs og byggðaröskun er við blasir.

Það þarf að taka á þessum þáttum til að ná sátt í þjóðfélaginu. Formannafundur SSÍ sem haldinn var í haust fjallaði m.a. um fiskveiðistjórnun og þar kom fram vilji flestra formanna sjómannafélaga til að fara leið veiðiskyldu – og nánast banns við veðsetningu eða sölu kvóta. Okkur hefur verið bent á að slíkt kerfi geri nýliðun erfiða þar sem leigukvóti yrði enginn – Á móti má segja að geti núverandi handhafar veiðiheimilda leigt þær frá sér hlýtur að vera vitlaust gefið.

Samkvæmt þeim hugmyndum sem ræddar voru á formannafundi SSÍ var gert ráð fyrir að þeir sem ekki veiða það sem þeim er úthlutað skili veiðiheimildunum til eiganda síns, þ.e. þjóðarinnar. Stjórnvöld þyrftu þá að setja fram gagnsætt regluverk um hvernig þeim veiðiheimildum sem skilað er verði endurúthlutað, bæði til þeirra sem fyrir eru í greininni og eins til nýliða.

Þannig ætti að vera hægt að koma til móts við sjónarmið þeirra sem telja að eðlileg nýliðun verði að eiga sér stað í greininni. Verði rétt staðið að nauðsynlegum breytingum á stjórnkerfi fiskveiðanna til að ná sátt í þjóðfélaginu um þennan mikilvæga málaflokk ættu þær breytingar ekki að hafa áhrif á kjör eða raska atvinnuöryggi sjómanna og fiskverkafólks.

Að lokum aðeins þetta. Núverandi kvótakerfi hefur verið við lýði um árabíl. Tilgangur þess átti að vera að auka hagræðingu í útgerð og hafa

stjórn á sókninni í fiskistofna. Ef við lítum á stöðuna nú – þá er ljóst að gífurleg hagræðing hefur orðið í útgerð og að mun færri skip eru við veiðar en við upphaf kerfisins og veruleg fækkun hefur orðið í sjómannastétt.

En enn fremur er útgerðin svo skuldsett og það mest við erlenda banka að bara vaxtagreiðslur útgerðarinnar eru sagðar nema milljörðum króna mánaðarlega. Hagræðingunni hefur og fylgt veruleg byggðaröskun og sjómenn og fiskverkafólk hefur staðið agndofa á bryggjum og horft á kvótann, horft á atvinnuna sigla burt og eftir situr þorp í tilvistarkreppu. Þessa sögu þekkja Austfirðingar vel.

Við hljótum því að spyrja – hvar liggur ávinningurinn af hagræðingunni – hvar er hagnaðurinn og gróðinn. Útgerðin er skuldsett upp í rjáfur og skipastóllinn á mismunandi aldri en ekki hefur nýsmíðum fjölgað síðustu ár. Og pólitískar deilur um tilvistarétt kerfisins hafa aldrei verið háværari en nú.

Mig langar að vitna að lokum í Franklin Delano Roosevelt, forseta Bandaríkjanna á fyrripart síðustu aldar. En hann sagði: „Það á aldrei að láta góða kreppu framhá sér fara“. Við eigum að nýta þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu nú og laga það sem aflaga hefur farið síðustu ár og freista þess að ná sátt um uppbyggingu samfélagsins til framtíðar. Samfélagsins hvort heldur það er til sjávar eða sveita – á suðvesturhorninu eða á landsbyggðinni. Eins og staðan er nú eru menn varla að tala saman hvað þá heldur að sátt virðist í sjónmáli.

En þegar stálin stinn mætast verður eitthvað undan að láta.